

AUGLÝSING

um útgáfu myntar.

Hinn 21. okt. 1966 var gerður samningur milli fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands um að Seðlabanki Íslands taki við sláttu og útgáfu myntar úr hendi ríkissjóðs frá og með 1. apríl 1967. Samningur þessi er birtur í heild í 60. tbl. Lög-
birtingablaðsins.

Fjármálaráðuneytið, 21. október 1966.

F. h. r.

Guðlaugur Þorvaldsson.

Björn Hermannsson.

25. október 1966.

Nr. 217.

REGLUGERÐ

um gerð skipulagsáætlana.

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Skipulagsáætlun, skv. skipulagslögum og reglugerð þessari, er uppdráttur (uppdrættir) að skipulagi tiltekins svæðis ásamt nauðsynlegum skýringartexta.

2. gr.

Skipulagsáætlanir eru tvenns konar, annars vegar áætlun um aðalskipulag, sem tekur yfir skipulagsskyldan stað í heild, nema öðru vísi sé sérstaklega ákveðið, en hins vegar áætlun um deiliskipulag, sem tekur að jafnaði yfir hluta skipulagsskylds staðar.

Í áætlun um aðalskipulag skal kveðið á um meginatriði varðandi þróun byggðar á hlutaðeigandi stað.

Í áætlun um deiliskipulag skal í einstökum atriðum kveðið á um notkun og uppbyggingu hlutaðeigandi svæðis innan marka aðalskipulagsins.

3. gr.

Aðalskipulag skal gert um alla skipulagsskylda staði, skv. 1. mgr. 4. gr. skipulagslaga, svo og þá, sem úrskurðaðir eru skipulagsskyldir, skv. 2. mgr. 4. gr. Enn fremur skal aðalskipulag gert um það svæði, þar sem ákveðin er svæðisskipulagning, skv. 1. mgr. 3. gr.

4. gr.

Deiliskipulag skal gert um þau svæði innan aðalskipulags, þar sem slíks er þörf, t. d. þar sem íbúafjöldun er mikil, lóðaskipting eða landamerki óhagkvæm, meiri háttar byggingarstarfsemi hafin eða fyrirhuguð eða aðrar slíkar aðstæður fyrir hendi.